



**Keilir**

Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## **Inngangur að viðskiptafræði 2 (INN2B06)**

### **Háskólabrú**

### **Áfangalýsing**

Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað er um helstu hagstæðir þjóðarbúsins og tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar tölulegra upplýsinga sem og fræðilegra greina og rannsókna.

Nemendur vinna sjálfstæð verkefni og taka þátt í umræðum sem tengjast hagfræði. Kennsluaðferðir miða að auknu sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi.

### **Forkröfur**

Grunnskólapróf.

### **Þrep**

Áfanginn er á 2. þrepi.

### **Einingafjöldi**

6 framhaldsskólæiningar (feiningar).

### **Lokamarkmið áfangans**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- hagfræði sem fræðigrein, meginviðfangsefnum hennar og grundvallarspurningum
- mismunandi hagkerfum; innviðum hagkerfa og hlutverkum þeirra
- lögmálum markaðarins, framboði og eftirspurn, meginþáttum verðmyndunar á markaði
- helstu aðilum og launamyndun á vinnumarkaði, umsvifum hins opinbera í efnahagslífi

- aðilum á peningamarkaði, hlutverki seðlabanka
- kenningum um hlutfallslega yfirburði og algjöra yfirburði
- vandamálum í efnahagslífinu; verðbólgu, atvinnuleysi og erlendum skuldum

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- nota framboðs- og eftirspurnarlínurit til að skoða þróun á markaði
- reikna út þjóðhagstærðir á föstu verðlagi og hlutfallslegar breytingar á milli ára
- reikna hagvöxt, þekki helstu ákvörðunarþætti og vanda við mat á hagvexti

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- leggja mat á upplýsingar um efnahagsmál
- taka þátt í daglegri efnahagssumræðu út frá faglegu sjónarmiði
- tengja undirstöðuþekkingu í þjóðhagfræði við þróun efnahagsmála
- afla sér frekari þekkingar um hagfræði og geti nýtt upplýsingatækni og Netið við öflun upplýsinga og lausn verkefna sem tengjast hagfræðilegum viðfangsefnum

**Námsmat áfangans**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og munnlegu mati sem gildir til lokaéinkunnar.